

Skólaráð Naustaskóla

2. fundur ársins 2011 þann 11. febrúar kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Björk Guðmundsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Vaka Óttarsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Brynja Dögg Hermannsdóttir, Gyða B. Aradóttir

Fulltrúar nemenda: Hrannar Þór Rósarsson

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Fjármál og rekstur.** Skólastjóri kynnti að á síðasta fjárhagsári (2010) fór skólinn fram úr fjárheimildum sem svarar 784.000 kr. en það er 0,34% fram úr fjárhagsáætlun. Framúrkeyrslan er eingöngu á vörukaupaliðum og skýrist að hluta af umtalsverðum innkaupum á gögnum svo sem námsgögnum, bókum á bókasafn og búnaði, en einnig af því að kostnaður við rafmagn og heitt vatn var samtals ríflega milljón krónum hærrí en áætlað var. Fjármunir í áætlun þessa árs (2011) til vörukaupa og slíkra liða eru af skornum skammti og ljóst að vekja þarf umræður innan skólans um þörf á sparnaði og aðhaldi. Hins vegar fást líklega einhverjir fjármunir á þessu ári til búnaðarkaupa (t.d. fleiri stóla, hillur, tölvubúnaður o.fl. vegna fjölgunar nemenda) en ekki er enn ljóst hve há sú fjárhæð verður, eftir á að skipta fjármunum milli grunnskólanna. Umræður um endurmenntunarmál o.fl. Reynt verður að sækja um styrki til endurmenntunar og þróunarstarfs eins og kostur er.
- 2. Hugmyndir um sameiningar stofnana.** Kynnt bréf sem skólastjórar Naustaskóla og Naustatjarnar sendu sameiginlega til skóladeildar og vinnuhóps sem er að athuga möguleika á sameiningu meðal skólastofnana bæjarins.
- 3. Markmiðalistar í íslensku og stærðfræði.** Kynntir markmiðalistar sem skólinn er að taka í notkun og verða m.a. nýttir til birtingar á námsmati í íslensku og stærðfræði á foreldradegi um næstu mánaðamót. Nokkrar umræður og ábendingar um markmiðin varðandi orðalag o.fl. Einnig kom fram að mikilvægt er að kynna þetta tæki vel fyrir foreldrum, t.d. nýta foreldraviðtöl vel til þess.
- 4. Matsáætlun og skorkort.** Kynnt drög að sjálfsmatsáætlun fyrir skólann og skorkorti sem henni tengist. Ákveðið að hafa sérstakan vinnufund hjá skólaráði þar sem þessi plögg verða unnin áfram. Skólastjóri mun boða til þess fundar.
- 5. Skóladagatal 2011-2012.** Fyrstu drög lögð fram til kynningar. Samræmingarferli við aðra grunnskóla og leikskóla er eftir. Nánar rætt síðar.

6. Önnur mál.

- a. **Fundartími.** Spurning hvort hægt sé að finna hentugri tíma fyrir skólaráðsfundi en þann sem hefur verið nýttur sem er 2. föstudagur í mánuði kl. 8. Skólastjóri stingur upp á nýjum tíma.
- b. **Matseðill / mötuneyti.** Rætt um hvort skólaráð geti fengið aðkomu að gerð matseðils eða fund með matráði og stjórnendum leikskóla. Skólastjóri athugar það mál.

Næsti fundur verður boðaður þegar fundarmenn hafa sammælt um tímasetningu.

Fleira ekki tekið fyrir,
Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð